

MÁ ÉG FÁ ORÐIÐ?

Orðakeppni

Aldurshópur

Allir aldurshópar

Um verkefnið

Með þessu verkefni er leitast við að vekja áhuga og forvitni nemenda á nýjum orðum sem verða á vegi þeirra í ræðu og riti. Jafnframt er tilgangurinn sá að reyna að fá þá til að temja sér það að leiða ekki hjá sér mikilvæg orð og orðsambönd með því að treysta á samhengi texta við lestur. Mikil fylgni er á milli stærðar orðaforða og lesskilnings og hafa rannsóknir leitt í ljós að vanþekking lesara á örfáum orðum í texta getur haft mikil áhrif á lesskilninginn. Nemendur verða því að læra að huga að öllum orðum í texta og er þetta verkefni liður í því að vekja þá til umhugsunar um gildi allra orða fyrir lesskilning. Verkefnið er ekki aðferð sem notuð er til að hjálpa nemendum að tileinka sér nýjan orðaforða heldur er því ætlað að vekja nemendur til vitundar um undraheim orðanna og fá þá til að huga betur að gildi allra orða í texta í þágu eigin lesskilnings.

Markmið aðferðar

- Að fá nemendur til að beina athyglinni að nýjum orðum í lesefni/umræðu sem verða á vegi þeirra.
- Að gera nemendur forvitna um merkingu nýrra orða (orðavitund) og að þeir beiti þeirri forvitni í eigin lestri/hlustun með því að velta merkingu þeirra fyrir sér.
- Að auka orðaforða nemenda.

Gögn

- Veggspjald með upplýsingum um reglur og stigagjöf
- Skráningarblað

Framkvæmd

Hægt er að fara margar leiðir við framkvæmd keppinnar og geta kennarar sjálfir breytt og bætt umgjörðina í takt við áherslur og viðfangsefni í kennslu hverju sinni. Hér á eftir eru nokkur atriði sem kennarar og nemendur þurfa að hafa í huga við framkvæmd keppinnar.

- Ákveða þarf hversu mörg orð eru tekin fyrir í einu og annað er lýtur að ytra skipulagi keppinnar. Umræðan um hvaða orð teljast áhugverð getur verið mjög skemmtileg og veitt kennara innsýn í færni nemenda til að ræða um einkenni orða og skilning á þeim. Líklegt er að í fyrstu muni nemendur skorta orðaforðann til að ræða um einkennin og þurfa á leiðsögn kennara að halda varðandi það en færni nemenda verður aðeins til með þjálfun.

- Nemandi velur eina leið til að glíma við orð og fær stig í samræmi við þá leið sem er farin. Það má alveg leika sér með vægi innan stigagjafarinnar en þá þarf kennarinn/nemendur að útbúa nýtt blað fyrir stigagjöf.
- Það getur verið tímafrekt að fara yfir mörg orð á dag ef hópurinn er stór svo það þarf að huga að því hvenær nemendur eiga að skila af sér orði. Skil mega líka vera frjáls en þá er hætt við að sumir nemendur kjósi að láta fara lítið fyrir sér og taki ekki þátt.
- Ákveða þarf hvort allir nemendur megi reyna við leið 6 hverju sinni en málsgreinarnar mega ekki vera mjög líkar. Sum orð eru margræð (ég ætla að fá mér að borða, hún límdi borða á vegginn) og þá er spurning hvort það krefjist ekki aukastiga ef orðið er notað í annarri merkingu!

Athugasemd

Það er mikilvægt að bera virðingu fyrir vali annarra nemenda á orði því orðaforði þeirra er ólíkur. Það sem einn kann hefur annar kannski aldrei heyrt, t.d. sökum tvítýngis. Kennarinn getur hvatt nemanda til að koma til sín fyrst með orð ef nemandinn er óöruggur eða ekki fær um að meta gildi orðsins fyrir vinnu af þessu tagi.

Líklegt er að verkefnið gefi kennara góða innsýn inn í orðaforða nemenda. Það kann að koma á óvart hvaða orð nemendur hafa ekki á valdi sínu og því getur vinna af þessu tagi gefið vísbendingar um það með hvaða hætti kennarinn þarf að vinna texta t.d. í samfélags- og náttúrufræðigreinum.

Aðrar útfærslur


Í stað þess að keppa um orð er hægt að keppa um föst orðasambönd, orðtök og málshætti.

Má ég fá orðið?

Stigagjöf




Leið	Verkefni	Fjöldi stiga
1	Nemandi kemur með áhugavert orð.	1
2	Nemandi útskýrir merkingu orðsins.	2
3	Nemandi notar orðið í málsgrein.	3
4	Enginn nemandi veit hvað orðið þýðir.	4
5	Kennarinn veit ekki hvað orðið þýðir.	5
Bónusleið	Annar nemandi notar orðið í nýrri málsgrein.	1



Má ég fá orðið?

Skráningarblað

[illegible]